

Lestur okkar á umhverfi
-hvernig snerta óápreifanleg byggingarefni við okkur?

Yngvi Karl Sigurjónsson

Listaháslóli Íslands
Hönnunar- og arkitektúrdeild
Arkitektúr

Lestur okkar á umhverfi

-hvernig snerta óápreifanleg byggingarefni við okkur?

Yngvi Karl Sigurjónsson
Leiðbeinandi: Halldór Eiríksson
Vorönn 2011

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður fjallað um hvernig umhverfi og rými eru lesin. Við lestur okkar á ákveðnu rými vakna ávallt einhverjar tilfinningar. Þessar tilfinningar hafa áhrif á líðan okkar í rýminu og móta þær skoðanir sem við höfum á því. Staður og rými hafa því mikil áhrif á okkur sem einstaklinga.

Byggingarefni verða skoðuð í ritgerðinni með hliðsjón af því hvernig þau hafa áhrif á einstaklinginn sem og rýmið. Ekki er verið að fjalla um byggingarefni út frá sjónarhóli eðlisfræðinnar heldur verður litið á hið huglæga og óáþreifanlega í efninu. Ástand efnis verður sett í samhengi við tíma, meðhöndlun og notkun. Þetta eru allt áþreifanleg byggingarefni. Hins vegar vörpum við yfir á áþreifanleg efni ákveðin óáþreifanleg gildi. Það eru þessi gildi sem gera staðinn að því sem hann er.

Þau atriði sem lesa aðstæður rýmis eru skynfæri okkar. Sjón, heyrn, lykt, bragð og snerting. Þessi skynfæri safna ákveðnum upplýsingum saman í reynslubanka einstaklingsins. Þetta verða að minningum einstaklingsins og út frá reynsluheimi og minningum okkar tökum við ákvarðanir sem móta okkur að þeim einstaklingum sem við erum. Í sameiningu mynda skynfærin eina heildarmynd.

Arkitektar þurfa að nýta sér þá eiginleika sem óáþreifanleg efni skapa til að lýsa umhverfi og stað fyrir okkur. Til þess að hræra í þeim tilfinningabrunni sem mótar okkur sem einstaklinga. Þar af leiðandi þurfa arkitektar að vera meðvitaðir um kraft skynfæra og þekkja hverjir eiginleikar byggingarefna eru.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Óáþreifanleg byggingarefni.....	5
hvernig eru byggingarefni óáþreifanleg?.....	5
lestur umhverfis / skynfæri mannsins.....	6
notkun skynfæra.....	8
heimilið sem griðastaður.....	10
það sem fangar og umlykur okkur.....	10
Uppljómun náttúrunnar	
náttúrulegt ljós.....	11
Ljós í höndum manna	
mangert ljós / gerviljós.....	13
Þar sem ekkert ljós er	
hlutverk skugga.....	15
Tónverk umhverfis	
hljóð.....	16
Máttur hugans	
hugarheimur.....	18
Áhrif óáþreifanlegra efna	
notkun.....	19
Lokaorð.....	21
Heimildaskrá	
skrifaðar heimildir.....	23
heimild sótt í kennsluefni Listaháskóla Íslands 2010.....	24

Inngangur

*Á leið sinni gegnum dimman ganginn, þar sem yfirgnæfandi suð
mannlífsins fyrir utan ómaði, var aðeins eitt sem leiddi hana áfram.
Ljósið við enda gangsins. Fúnir viðarveggirnir þrýstust að henni.
Henni fannst eins og burðarbitarnir gætu brostið hvenær sem er.
Eftir því sem hún nálgadist ljósopið meira, þrengdi rýmið ekki
eins mikið að henni. Innan skamms kæmist hún út í skjól hins
opna rýmis þar sem mannlífið blómstraði.¹*

Staður segir ávallt einhverja sögu. Sögu þess hvernig hann var skapaður eða hvernig hann hefur þróast. Hvað er það sem gerir það að verkum að við getum lesið sögu okkar og staðarins í heild? Hvernig lesum við þessa staði og með hvaða tólum gerum við það?

Það skiptir ekki öllu máli hvar við erum, það sem skiptir mestu máli er það hvaða áhrif staðurinn hefur á okkur. Hvernig þessir staðir hafa áhrif á okkur er viðfangsefni sem mig langar til að skoða. Lestur okkar á umhverfi hefur áhrif á ákvarðanatöku okkar, og mótar okkur sem einstaklinga. Hvernig er ákvörðunin í raun tekin og hvað er það sem mótar þessa ákvörðun?

Að mínu mati er það efniviður og samspil hans við staðinn sem hefur þessi áhrif á okkur, hvernig byggingarefnum er beitt og hvernig þau er notuð. Í þessari ritgerð ætla ég að skrifa um óáþreifanleg efni og hvernig við lesum umhverfi okkar út frá þeim. Hvernig mótar umhverfið okkur sem einstaklinga? Einnig ætla ég að skoða hvað það er sem við notum til þess að lesa umhverfið. Hver eru þessi tól líkamans og hver eru þessi óáþreifanlegu efni sem hjálpa okkur við lestur umhverfisins?

1 textinn er eftir ritgerðarhöfund, tilraun til lýsingar á rýmisupplifunar

Óáþreifanleg byggingarefni

-hvernig eru byggingarefni óáþreifanleg?

Mörg byggingarefni hafa þann eiginleika að segja sögu. Náttúruleg efni líkt og grjót, múrsteinn og viður leyfa athuganda sínum að kafa dýpra inn að yfirborði sínu og gerir þeim kleift að verða fullviss um áreiðanleika efnisins. Þau segja okkur til um aldur sinn og sögu sem og uppruna sinn og hvernig efniviðurinn hefur verið meðhöndlaður í gegnum tímans rás. Yfirborð efnisins heldur áfram að breytast. Það sýnir okkur hvernig tíminn og notandinn hefur leikið sitt hlutverk í að móta efniviðinn að því sem hann er. Maður skynjar og sér hvernig efnið heldur áfram samstarfi sínu við tímann og hvernig hann heldur áfram mótun sinni.² Líkt og þrep úr steinhellum sem eyðst hafa með tímanum. Saga allra þeirra sem gengið hafa um þrepin og mótað þau að því sem þau eru. Þannig skrifum við sögu okkar í byggingarefnið sem heldur áfram að segja söguna. Manngerð efni hafa yfirleitt ekki þennan eiginleika. Juhani Pallasmaa talar um að efni eins og gler og ál endurspegli ódauðleika og tímaleysi.³

Þó svo að við sjáum öldrun efnisins ekki gerast skynjum við hana út frá reynsluheimi okkar því við vitum hvernig efnið eldist. Ástand efnisins setjum við í samhengi við tíma, meðhöndlun og notkun. Þetta eru allt áþreifanleg byggingarefni sem eru notuð til að byggja mannvirki. Hins vegar vörpum við yfir á áþreifanleg efni ákveðin óáþreifanleg gildi. Það eru þessi gildi sem gera staðinn að því sem hann er og því skipta þessi óáþreifanlegu efni okkur miklu máli.

Margt í arkitektúr er óáþreifanlegt. Óáþreifanleg efni líkt og ljós, skuggi og hljóð eru dæmi um það. Þetta eru allt þættir sem móta hugarheim okkar. Með skilningi skynfæranna verða þau áþreifanleg. Minningar og reynsla eru varanleg í huga okkar. Hugarheimur okkar er uppfullur af minningum. Minningar sem til verða

2 Steven Holl, Juhani Pallasmaa, Alberto Pérez-Gómez: *Questions of perception. Phenomenology of architecture*. William Stout Publishers, 1994, bls. 29.

3 Juhani Pallasmaa: *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. Artmedia Press Ltd, London, 2005, bls. 32.

við lestur skynfæra okkar á umhverfinu. Það er því áhugavert að skoða hvað þessi skynfæri eru að skynja og hvernig þau búa til minningar um þá staði sem við lifum í.

Óáþreifanleg byggingarefni

-lestur umhverfis / skynfæri mannsins

Á tímum endurreisnarinnar voru fimm skynfæri mannsins flokkuð eftir stigveldi frá hinu æðsta til hins lægsta. Þar var sjónin talin mikilvægust skynfæranna en snerting var talin síst. Flokkuðu menn skynfærin eftir frumefnum jarðarinnar: sjón var tengd ljósi og eldi, heyrn lofti, lykt gufu, bragð vatni og snerting var tengd jarðveginum.⁴

René Descartes talar um að sjónin sé eitt mikilvægasta skynfæri mannsins. Við sjáum það sem fyrir okkur ber og þar með erum við að lesa umhverfi okkar. Engu að síður talar hann um að snerting sé jafningi sjónarinnar hvað skynfærin varðar. Hann taldi jafnan að snerting væri mun öruggari miðlun upplýsinga og ólíklegri til að lesa umhverfið vitlaust.⁵

Að mati Pallasmaa hefur nútímahönnun að miklu leyti lyft sjóninni upp á hærri stall. En að sama skapi skilið líkamann og önnur skynfæri eftir. Minningar, ímyndunarafl og draumar okkar fá hvergi að vera.⁶

Þó sjónin sé vissulega mikilvægt skynfæri segir það ekki alla söguna. Yfirráð sjónarinnar og bæling hinna skilningarvitanna gerir það eitt að verki að aðskilja, einangra og útiloka okkur frá umhverfinu. Augað hefur svo sannarlega sýnt okkur mikilfenglega hluti sem vekja okkur til umhugsunar en það hefur ekki auðveldað

4 Steven Holl, o.fl. *Questions of perception. Phenomenology of architecture.* bls. 29.

5 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses.* bls. 19.

6 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses.* bls. 19.

okkur að skjóta rótum niður í alheiminn.⁷ Það er svo miklu meira sem hefur áhrif á lestur okkar á umhverfinu en bara sjónin. Allt það sem hefur haft áhrif á okkur úr umhverfinu setjum við í reynslubanka okkar. Ákveðnar tilfinningar og hugarljómanir ferðast ávallt með okkur. Þetta býr í okkur um alla tíð og hugurinn og líkaminn nota þetta til að virkja sálina. Pallasmaa segir að til þess að virkja tilfinningar þátttakenda samfélagsins sé spennan á milli meðvitundar og ómeðvitundar nauðsynleg.⁸

„Augað er það skynfæri sem nemur fjarlægð og aðskilnað. Hinsvegar er snerting skynjun nálægðar, nándar og alúðar. Augað lítur yfir, ræður yfir og rannsakar á meðan snerting nálgast umheiminn og þreifar á honum”.⁹

*Þegar þú stendur við sjóinn, búinn að fjarlægja skó og sokka,
og snertir grjótið með berum iljunum finnur þú fyrir því
hvernig náttúran sogast inn í líkama þinn. Hitinn frá grjótinu
sem sólin er búin að gæla við hitar berar tærnar en staðnæmist
ekki þar. Hitinn leitar upp allan líkamann og hitar þig bæði
líkamlega sem og á huglægum hátt. Þú finnur lyktina af þangi
sem kalla fram minningar æskuáranna þegar þú sást við bryggjuna
og dorgaðir. Þú finnur vindinn leika um þig eins og hann sé að
hreinsa sálina af öllum þeim áhyggjum sem hafa hrjád þig.¹⁰*

Ef þú leyfir þér að athuga alla þá þætti sem hafa áhrif á þig á hverjum stað fyrir sig tekur þú eftir því að þú notast við öll þau skynfæri sem líkaminn hefur að bjóða; sjón, heyrn, lykt, bragð, snerting. Allt hefur þetta jafn mikið gildi. Í sameiningu mynda öll skynfærin eina heild sem gerir það mögulegt að líta á heildarmyndina. Við sjáum okkur í náttúrunni og skiljum það hvers vegna við erum hér. Því telur Pallasmaa að byggingar einangrist ef þær ná ekki að kalla fram þessa heildarmynd og tengingu við líkama okkar. Þær verða fráhrindandi, fjarlægjar huganum og óraunverulegar.¹¹

7 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. bls. 19.

8 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. bls. 29.

9 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. bls. 46.

10 textinn er eftir ritgerðarhöfund, tilraun til lýsingar rýmisupplifunar

11 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. bls. 31.

Minningarnar sem við erum búin að safna saman frá öllum þeim stöðum sem við höfum sótt verða að reynsluheimi okkar. Í þennan reynsluheim sækjum við ávallt, aftur og aftur.

Líkaminn er tól okkar í umhverfi og náttúrunni. Efni, áferðir, minning og reynsla spila saman og mynda fallega tónlínu sem leiðir okkur í gegnum lífið. Hversu vel við skiljum tilfinningar okkar og getu, fer allt eftir því hversu vel innstillt við erum. Líkami okkar er eins og hljóðfæri. Þegar fiðlur eru búnar til skiptir innri spenna og titringur viðarins öllu máli. Fiðlan og tónskáldið verða að vera eitt til þess að framkalla fallega tónlist líkt og maður og náttúra verða að sameinast til að öðlast merkingu. „Nánd rýmis verður að nánd okkar sjálfs”.¹²

Óáþreifanleg byggingarefni

-notkun skynfæra

Það hugarástand, sem við stígum ómeðvitað inn í, gerir okkur kleift að lesa sögu efniviðarins sem óáþreifanlegt. Efnið talar við okkur, hið huglæga stígur fram líkt og efnið sé að snerta okkar persónulega hugarheim. Þegar við sjáum grænlistaða koparplötu vitum við að hún hefur ekki ávallt verið græn á litinn. Með tímanum veðrast yfirborð koparsins og mynda náttúrulegan grænan lit (spansgrænn) sem ver málminn gegn frekari tæringu. Sömuleiðis veðrast viður, breytir um lit og áferð hans mýkist. Með þessu móti talar umhverfið við okkur með náttúrulegum efnum.

Steven Holl heldur því fram að verkefni arkitekts sé að endurskapa sífellt myndlíkingar sem staðfesta og forma tilvist manneskjunnar í heiminum. Með notkun náttúruafna reyna arkitektar að endurvekja og/eða endurskapa einhverja tilfinningu eða eitthvað ástand. Borgarumhverfið gerir okkur kleift að byggja upp, skilja og muna hvernig raunveruleikinn er og þannig áttum við okkur á því hver við erum. Allt

12 Gaston Bachelard. *The poetics of space. The classic look at how we experience intimate places.* bls. 226.

þetta gerir okkur mögulegt að staðsetja okkur í samfélagi nútímans.¹³ „Arkitektúr, sem og önnur list, stendur frammi fyrir grundvallarspurningum um tilvist mannsins í tíma og rými, það tjáir og tengir manninn við umheiminn”.¹⁴

Upp að ákveðnu marki getum við ávallt munað og/eða endurskapað víska staði í huga okkar. Hvort sem það er æskuheimilið, gamall vinnustaður eða sumarbústaður sem fjölskyldan sótti í æsku. Að hluta til getum við endurkallað þessar tilfinningar sem staðirnir gáfu okkur vegna þess að þeir stimpluðu sig inn í hjörtu okkar og huga, sökum sérstöðu sinnar. Líkami okkar verður fyrir áhrifum staðarins. Þegar við upplifum einhvern ákveðinn stað notum við allan líkamann til þess að taka inn allt það sem staðurinn hefur fram að færa. Við munum hversu há þrepin voru upp í forstofu, hvernig lyktin var á veröndinni, útsýnið úr stofuglugganum, áferðin á steinflísunum í baðherberginu og svona mætti lengi telja. Pallasmaa vildi meina að allt þetta hafi áhrif á bæði hug okkar og líkama, allt móti þetta okkar persónulegu veröld.¹⁵ Líkami okkar og hreyfing hans eru í stöðugum samskiptum við umhverfi sitt og móta þar með hvort annað.¹⁶ Þannig væri fjarlægð og dýpt rýmis ekki möguleiki ef ekki væri fyrir samverkandi þætti minningu okkar sem myndast við snertingu.¹⁷ Sjón, heyrn, lykt og bragð móta einnig minningar okkar. Minningar okkar mótaðar af skynfærunum búa til gagnagrunn sem sótt er í til þess að skilja umhverfi og tilvist okkar.

13 Steven Holl, ofl. *Questions of perception. Phenomenology of architecture*. bls. 37.

14 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. bls. 16.

15 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. bls. 41.

16 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. bls. 40

17 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the Senses*. bls. 42.

Óáþreifanleg byggingarefni

-heimilið sem griðastaður

Heimili okkar er oft sá staður sem við munum hvað skýrast og er okkur ávallt kærkominn. Hvort sem það er núverandi heimili eða heimilið sem við ólumst upp í. Heimilið veitir okkur ekki einungis skjól, heldur er þetta sá staður sem er okkur hvað næstur, þ.e. þetta er okkar persónulega svæði þar sem við þekkjum hvern krók og kima, við erum búin að aðlagast heimilinu og það okkur.

Gaston Bachelard skilgreindi heimilið sem griðastað hvers og eins. Hvar sem við erum og hvert sem við förum, hvort sem það er nýtt heimili eða heimili einhvers annars, leitum við þessa griðastaðs. Því þessi tilfinning sem okkar persónulegu íverustaðir í gegnum lífskeið okkar hafa skapað, hefur mótað okkur að þeim einstaklingum sem við erum. Bachelard vill meina að við yfirferum þá alúð og öryggi, sem þessir fyrrum íverustaðir okkar hafa skapað í hugarheim okkar, yfir í hið nýja rými sem við stöndum nú fyrir.¹⁸ Með þessum hætti gerum við rýmið að okkar persónulega svæði til að öðlast öryggi og vellíðan. Ekki skiptir sköpum þó við séum að koma inn í rýmið í fyrsta sinn, því við tökum ávallt hugarheim fyrri rýma með okkur yfir í það næsta.

Óáþreifanleg byggingarefni

-það sem fangar og umlykur okkur

Bæði ljós og skuggi umlykja okkur, þau fylla rými og gleypa einstaklinginn. Engu að síður er ekki hægt að snerta ljós né skugga. Ekki er hægt að byggja úr þessum efnum. Er þetta þá í raun byggingarefni? Að mínu mati eru þetta byggingarefni.

18 Gaston Bachelard. *The poetics of space. The classic look at how we experience intimate places.* Beacon Press, Boston, 1969, bls. 3-4.

Ljós og skuggi eru, að mínu mati, þáttur í að búa til byggingar. Ef ekki væri fyrir ljós myndum við ekki sjá handa okkar skil og án skugga væri allt yfirlýst þannig að ekki væri hægt að greina hvar einn veggur byrjaði og annar endaði. Ljós býr til liti og áferðir. Skugginn gerir það líka þó með öðruvísi hætti. Skugginn dregur úr þeim skýra lit sem ljósið hafði áður búið til, líkt og hann sé að bræða alla litina saman. Ljós og skuggi gera okkur kleift að skilja umhverfið og finna fyrir því. Finnst mér þessi lýsing Jun'ichiro Tanizaki um yokan¹⁹, úr bókinni *In praise of shadows*, vera lýsandi hvernig birta getur haft áhrif á okkur og umhverfið.

Þegar yokan er borið fram, á lökkudum diskum þar sem myrkrið hefur afmáð alla liti svo varla er hægt að greina þá, er vissulega forsenda til íhugunar. Þú bragðar á köldum, sléttum kjarna. Það er eins og myrkur herbergisins bráðni á tungunni. Jafnvel tilþrífalítið yokan getur nú bragðast dulúðlegt og forvitnilegt.²⁰

Uppljómun náttúrunnar

-náttúrulegt ljós

Grundvallar munur á náttúrulegu ljósi og manngerðu ljósi er sá að náttúrulegt ljós býr yfir þeim möguleika að breytast án fyrirvara. Náttúrulegt ljós gefur miklu meiri dýpt í rýmið. Þegar geislar sólarinnar lenda t.d. á steinhlöðnum vegg verða skil milli steina skýrari. Misfellur verða skýrari og dýpt veggjarins kemur í ljós.

Með mismunandi árstíðum og tímum skapast mismunandi áhrif frá ljósinu. Sá möguleiki er fyrir hendi að sjá sama hlutinn aftur og aftur en upplifunin getur verið mismunandi í hvert skipti. Munur þess að upplifa rými að vetri til er allt önnur en að sumri. Ljósið er mýkra og daufa á veturnara og þar af leiðandi gefur það allt

19 japanskur eftirréttur gerður úr hlaupi

20 Jun'ichiro Tanizaki. *In praise of shadows*. Leete's Island Books, 1977. bls. 16.
Ritgerðarhöfundur þýddi sjálfur.

annað ástand innan rýmisins. Skuggarnir ráða meira ríkjum þar sem þeir blandast sólargeislum svo ekki er ljóst hvar flötur sólarinnar byrjar og hvar flötur skuggans byrjar.

Skuggamyndun er allt öðruvísi á sumrin. Sólin á Íslandi skín frekar lárétt sem gerir skuggamyndun hluta mikla. Stórir og langir skuggar gera tilkomu hluta mjög skýra. Form þeirra verða augljóst, það er eins og ljósið varpi formi hlutanna upp. Einnig er hægt að benda á þann mun hversu mismunandi litir birtast okkur að degi til og kvöldi, að vori og að hausti. Öll þessi afbrigði ljóss, hvort sem þetta er náttúruleg birta eða manngerð birta, dagsbirta eða kvöldbirta, gefa mismunandi áferðir og upplifanir.

Þó þú sért að vinna með ljós sem byggingarefni ert þú aldrei með sama byggingarefnið. Náttúrulegt ljós sem byggingarefni, tekur stöðugum breytingum. Þar af leiðandi gefur þessi birta ákveðið hugarástand sökum breytinga ljóssins bæði eftir tíma dags og árstíðum. Þessi breyting stýrir því hvernig rýmið er upplifað.²¹ Þetta er meginástæða þess hversu mikinn innblástur náttúruleg birta hefur á rýmishönnun arkitekta.²² Arkitektinn Louis Kahn talaði um að rými geti aldrei náð áfanga sínum án náttúrulegs ljóss.²³ Því ef ljósið nær ekki að fá efnið til að sýna sína réttu mynd, náum við ekki að lesa í efnið. Við sjáum ekki það sem efnið hefur fram að færa.

Gæði sólarljóssins felst í breytileika þess. Það er þessi breytileiki sem gefur rýminu líf, rýmið breytist um leið og sólargeislinn skýst í gegnum það. Því telur Kahn að ekkert rými sé í raun til, ef ekki væri fyrir náttúrulegt ljós.²⁴ Þegar sólarljósið skellur á hluti vakna þeir til lífsins. Birta mótar hluti með endurvarpi sínu og aðeins þá erum við fær um að skilja form hlutarins.²⁵ Gott dæmi um það er þegar útveggir Þjóðleikhússins „vakna“ til lífsins þegar sólargeislarnir ná til þess. Það er eins og

21 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. John Wiley and Sons, 1984. bls.162.

22 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. bls.131.

23 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. bls.162.

24 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. bls.130.

25 Peter Zumthor. *Thinking architecture*. Birkhauser, Sviss, 2006. bls. 89.

hrafntinnan í grjóthúðinni byrji að glitra og form stuðlabergsins verður skýrara með skörpu skuggavarpí sínu.

Sólarljós hefur djúpstæð áhrif á tilveru okkar. Það lýsir okkur veginn, sýnir okkur hluti í mismunandi ljósi, yljá okkur bæði líkamlega og andlega. Við sjáum ljósið, snertum það og finnum fyrir því. Gæði sólarljóssins eru mild, hrjúf, óbein og endurkastast allt í senn, og býr til ákveðna litaflóru.²⁶ Allt svo að við getum séð umheiminn í sinni réttu mynd.

„Kahn sá sólarljósið sem hjálpargagn eða tól tjáningar, sem náttúran færði okkur”.²⁷

Ljós í höndum manna

-manngert ljós / gerviljós

Manngert ljós er ekki það sama og náttúrulegt ljós. Grundvallarmunurinn liggur í því að manngerðu ljósi er varpað á viðfangsefni sín. Ljósinu er stýrt á ákveðna hluti og eru miklu nær manni en náttúrulegt ljós. Vegna fjarlægðar sólar verða geislar hennar jafnari²⁸ og ferðast kringum hluti samkvæmt lögmálum eðlisfræðinnar. Manngerðu ljósi fylgir engin hreyfing. Það er ekki „lifandi” eins og náttúrulegt ljós og breytist því ekki frá tímum dagsins eða árstíðum. Það er alltaf eins.

Þó svo náttúrulegt ljós, með öllum þeim fíngerðu og fjölbreytilegu eiginleikum, útfæri í grundvallaratriðum styrkinn sem liggur á bak við arkitektúr og borgir, hefur lýsing af manna völdum einnig stórt hlutverk.²⁹ Manngert ljós segir allt aðra sögu en náttúrulegt ljós.

Vegna þess að manngert ljós er án allrar hreyfingar og tilfinningar verður það

26 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. bls.155.

27 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. bls.129.

28 geislarnir eru nánast samsíða

29 Steven Holl, ofl. *Questions of perception. Phenomenology of architecture*. bls. 63.

aðeins hluti af lýsingu. Lýsingin er aðeins einn partur af ljósinu. Það getur því aldrei náð sömu sköpun tilfinninga, gerða af umbreytingu ljóssins í gegnum sviftingar tímans.³⁰ Manngert ljós virkar því best í skjóli myrkurs. Þar er mannert ljós í sínu náttúrulega umhverfi og virkar þar hvað sterkast. Manngerð lýsing sinnir því hlutverki að lýsa upp ákveðna hluti sem jafnan er valinn fyrirfram. Ljósinu er beint að þessum hlut og tilgangur ljóssins á að þjóna hlutnum. Þannig mynda manngerð ljós ákveðin massa³¹ utan um hluti og beina athygli okkar að honum.

Mannert ljós er því ekki eins umfangsmikið og náttúrulegt ljós. Það þjónar aðallega skynfæri sjónarinnar því snerting þess hefur ekki eins mikið vægi og snerting sólarljóssins. En þar sem mannert ljós segir sögu einhvers ákveðins massa þjónar það ákveðnum tilgangi. Aðalbygging Háskóla Íslands að kvöldi til er allt önnur bygging en að degi til. Ljósastarar sem lýsa upp bygginguna, að kvöldi til, lyfta henni upp á hærra plan og mynda ákveðinn hlífðarskjöld utan um bygginguna. Eins og ljósið sé að verja bygginguna gegn því að myrkrið gleypi hana.

Í skjóli myrkurs nýtur manngerða ljósið sín best. Að mínu mati virkjar það aðeins önnur skynfæri þegar litið er á ljósið í mikilli fjarlægð. Þegar ég flýg yfir Reykjavík að næturlagi ná manngerð ljós að lýsa upp hugarheim minn og hlýja mér um hjartarætur. Þá eru það ekki form húsanna sem ég horfi yfir eða leiðarkerfi gatna. Það eina sem ég sé eru ljósin sem eiga að vera að þjóna þessum rýmum. Ljósin sýna borgina sem samhangandi heild og ég skynja að ég er partur af borginni. Ljósmaðarnir segja mér að hingað sé ég kominn. Þá er hægt að kafa inn í reynsluheim sinn, endurvekja minningar sem sprotnar eru upp frá þessum svæðum.

Þessi manngerðu ljós gefa allt aðra vídd í borgarumhverfið. En manngerða ljósið er ávallt háð myrkrinu, því ekki myndu þau hafa þessi áhrif á mig í dagsljósinu.³² Sjómenn líta líklega hlýhuga til vitans þegar þá dregur, á köldum vetrarnóttum, að

30 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. bls.163.

31 í þessari ritgerð er ekki talað um massa út frá skilgreiningum eðlisfræðinnar, heldur hugtak arkitektúrs þar sem massi getur verið heild eða hjúpur ákveðins viðfangsefnis

32 Steven Holl, ofl. *Questions of perception. Phenomenology of architecture*. bls. 69.

landi. Ekki vegna þess að þeir vita að þarna sé viti, heldur vegna þess að vitinn kastar ljósgeislum sínum, hring eftir hring, til að gefa þær upplýsingar að hér sé massi. Hér er land, hér er byggð, hér er skjól.

Þar sem ekkert ljós er

-hlutverk skuggans

Er skuggi aðeins afurð ljóss eða er einnig hægt að líta á hann sem byggingarefni? „Skuggi er ekki fjarvera ljóss heldur afurð samspils þess við massa. Þar af leiðandi tilheyrir skugginn ljósinu”.³³

Skugginn getur ekki verið án ljóssins og ljósið ekki án skuggans. Fyrst ljós getur verið byggingarefni, er skugginn það líka. Hvort sem þetta eru tvö mismunandi byggingarefni eða í sameiningu sinni myndi eitt byggingarefni skiptir ekki máli. Það er tilkoma skuggans í rýminu sem skapar vissa tilfinningu hjá okkur. Rétt eins og ljósið sem umlykur okkur gerir skugginn hið sama. Þó virðist sem skugginn sé þyngri því það er líkt og hann gjörsamlega gleypi okkur.

Það er oft talað um að ill verk gerist í skjóli nætur. Það má vel vera svo, en engu að síður þá er hann jafn nauðsynlegur og hvað annað í náttúrinni. Myrkrið veitir fólki oft einhverskonar hræðslutilfinningu. Það ímyndar sér allt það illa sem falið er í myrkrinu, hið óþekkta og óþekka. Þó er skugginn nauðsynlegur hluti þess að lesa rými og umhverfi. Til þess að finna fyrir vellíðan verðum við að þekkja mátt óttans. Ef við þekkjum ekki ótta kunnum við ekki að meta mátt vellíðunar.

Myrkrið býr yfir þeim hæfileikum að virkja önnur skilningarvit. Ef þú gengur inn í dimmt rými þá heyrirðu betur. Þú virkjar ómeðvitað önnur skynfæri, sem gerir það að verkum að hægt er að upplifa rýmið á marga ólíka vegu. Það fer eftir ástandi þínu, sem og reynslu og minningum, hvernig þú upplifir myrkrið.

33 Louis Kahn. „Silence and Light” *Essential texts*. W.W. Norton and company, New York, London, bls. 228.

Gæði þess sem við köllum fegurð vex í raunveruleika lífsins. Forfeður okkar, sem neyddir voru til þess að búa í myrkum híbýlum, öðluðust fljótt þann skilning hver fegurð skuggans var. Skugginn vísaði alltaf á endanum til einhvers annars ástands.³⁴ Ástand hins áreiðanlega. Í myrkrinu á sköpun sér stað. Hugur okkar er hreinsaður. Nýtt ástand myndast. Nýtt upphaf.

Þetta dulúða ástand skuggans, eða myrkursins, hefur djúpstæð áhrif og tilveru okkar. Hvernig rýmisvitund brenglast og nýjar víddir opnast. Myrkrið gleypir útveggi rýmisins. Með myrkrinu hverfur hluti rýmisins og ekki er hægt að skilgreina að fullu hvar herbergið endar. Því virkar rýmið sem endalaust en ekki endanlegt. Hugarheimur okkar opnast í myrkrinu og fer að sjá. Í dimmum hornum herbergisins leynast verur skuggaheimanna. Draugar, vættir, púkar og aðrar verur ævintýra, sem lesin voru fyrir okkur í æsku, öðlast líf því ímyndunaraflið hefur náð kjölfestu í hug okkar. Handan myrkursins vaknar önnur veröld.

Tónverk umhverfis

-hljóð

Hljóð, hvort sem það er náttúrulegt eða ekki, virkar sem undirspil umhverfisins. Það er mikilvægt þúsl í heildarmyndinni sem skynfærin setja saman til að hjálpa okkur að skilja, lesa og tjá. Þegar hljóð er t.d. tekið af kvikmynd, minnkar rýmistilfinning áhorfandans til muna. Áhorfandinn greinir ekki umferðarniðinn sem ríkir í bakgrunni, né fuglana sem fljúga í himninum. Á tímum hljóðlausra kvikmynda þurftu leikarar að ofleika til þess að bæta hljóðleysið upp.³⁵

Pallasma telur að skynjun hljóðs hafi jafnt vægi og skynjun augans.³⁶ Hins vegar hafa áhrif hljóðsins öðruvísi áhrif á okkur að mati Holl, því þau grafa sig dýpra, og

34 Jun'ichiro Tanizaki. *In praise of shadows*. bls.18.

35 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the senses*. bls. 49.

36 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the senses*. bls. 50.

festast, við undirmeðvitund okkar.³⁷ Við getum endurskilgreint rými með einföldum hætti. Holl talar um að með því að færa athygli okkar og lestur umhverfisins frá hinu sjónræna til hljóðs, sé hægt að heyra titring byggingarefna og áferða.³⁸ Með þessu móti er hægt að sjá rýmið á allt annan hátt. Ekki endilega betri eða verri, heldur í nýju ljósi, jafnvel nýju hlutverki. Því með hljóði mælum við út rými sem gerir okkur kleift að skilja þau. Holl fjallar um að með heyrninni snertum við í raun rýmið.³⁹

Það er þó hljóðið sem snertir okkur meira en við snertum það. Hljóð er líkt og listaverk sem gengið er inn í. Stanslaus ómur hljóðsins er eitthvað sem ekki er hægt að slökkva á. Það er alltaf til staðar og því erum við ævinlega inni í hljóðinu.⁴⁰

Hljóð endurkallar minningar. Sem barn heyrði ég alltaf í kirkjuklukkunum hringja á sunnudögum og alltaf þegar ég heyri þær hringja á sunnudagsmorgnum, einhverstaðar í fjarska, minnst ég þess þegar ég bjó heima. Ég sé fyrir mér rýmið mitt, herbergið mitt og foreldra mína inni í eldhúsi að taka til hádegisverð. Endurvakning minninga er það sem gerir hljóð svo gefandi. Hægt er að endurupplifa aðstæður og sjá fyrir sér rými aðeins með því að heyra hljóð úr fjarska.⁴¹

Hljóð er taktur, og í takti umhverfishljóða hreyfumst við í gegnum borgarumhverfið. „Hljóð er þögn og þögnin er ekkert rosalega hljóðlát”.⁴²

37 Steven Holl, ofl. *Questions of perception. Phenomenology of architecture*. bls. 30.

38 Steven Holl, ofl. *Questions of perception. Phenomenology of architecture*. bls. 87.

39 Steven Holl, ofl. *Questions of perception. Phenomenology of architecture*. bls. 31.

40 *Shisen-Do*. 2010. Úr textasafni sem ritgerðarhöfundur sótti í áfanganum Rými og tími við Listaháskóla Íslands. Kennari Hildigunnur Sverrisdóttir.

41 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. bls.170.

42 Alexandra Tyng. *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture*. bls.172.

Máttur hugans

-hugarheimur

Hæfni ímyndunaraflsins og geta okkar til að leyfa dagdraumum

að leika um hugann er vissulega ein mikilvægasta geta okkar.

Að öllu jöfnu erum við manneskjur, ekki vegna líkama okkar

eða vitsmuna, heldur vegna ímyndunaraflsins.⁴³

Afl ímyndunar er grundvallar þáttur í upplifun okkar á aðstæðum. Kraftur ímyndunar felst í því að getað ímyndað sér aðstæður eða hreinlega búa til aðstæður sem henta okkur. Líkaminn starfar líkt og hylki sem heldur utan um tilfinningar og ímyndunarafl. Það er ekki auðvelt að kortleggja ímyndunaraflið því ímyndunaraflið býr til margar upplifanir, jafnvel samtímis. Ímyndunaraflið vekur upp tilfinningar sem aðstoða okkur við lestur og upplifun rýmis hverju sinni. Vegna ógnarhraða hugans verðum við stundum að draga úr rökhugsun til þess að geta hugsað skýrt.⁴⁴ Við verðum að leyfa ímyndunaraflinu og tilfinningum okkar að ráða ferðinni því ómögulegt er að borðleggja allt það sem flýgur um hug okkar. Án nokkurs fyrirvara eru minningar og hugmyndir komnar í hug okkar sem gjörsamlega breyta öllum forsendum rýmisupplifunar. Því verðum við að geta treyst á okkur sjálf, við verðum að geta treyst undirmeðvitund okkar.

Tilvist tilfinninga er geymd í undirmeðvitund okkar. Einnig heldur undirmeðvitundin utan um reynslu, minningar og ímyndun. Þessi atriði hafa sama vægi í undirmeðvitund okkar. Þau geta jafn auðveldlega hreyft við okkur eins og raunverulegir atburðir.⁴⁵ Fyrri reynsla og rými mótast í undirmeðvitund okkar og hjálpar okkur að meðhöndla og skilja allar þær upplýsingar sem skynfærin lesa úr umhverfinu.

43 Juhani Pallasmaa. „Emotion and Imagination” *The thinking hand. Existential and Embodied Wisdom in Architecture*. John Wiley and Sons, UK, 2009, bls. 133.

44 Juhani Pallasmaa. *The eyes of the skin. Architecture and the senses*. bls. 46.

45 Juhani Pallasmaa. „Emotion and Imagination” *The thinking hand. Existential and Embodied Wisdom in Architecture*. bls. 132.

Án nokkurs fyrirvara stöndum við frammi fyrir ákvörðunum sem við verðum að taka. Þá styðjumst við við þessi atriði til að svara þeim spurningum. Hvort sem það er eitthvað fallett eða viðurstyggilegt sem við stöndum frammi fyrir er hugur okkar snöggur að líta í reynsluheim okkar, þaðan sem ákvörðunin er tekin. Pallasmaa vill meina að tilfinningin sem rýmið hefur á okkur geti bókstaflega fengið okkur til að verkja um allan líkamann eða færa okkur hamingju og gleði.⁴⁶

Á augabragði getur hugur okkar kippt okkur inn í reynsluheiminn. Jafnvel inn í það dimma rými þar sem hið yfirnáttúrulega býr. Ótti og hræðsla sækja að manni með slíkum ákafa að um hristist í þeim minningum sem geyma gleði og hamingju.⁴⁷ Annars vegar getur hugurinn fleygt okkur inn í heim hamingjunnar. Sælar minningar úr æsku vakna, þó ekki sé nema fyrir lykt rýmisins eða bergmál skósólans sem skellur á timburgólfinu. Máttur hugans er svo sterkur að ekki þarf nema eitt lítið atriði rýmisins að vera kunnuglegt til að kveikja á reynsluheimi okkar.

Þannig geta rými haft djúpstæð áhrif á okkur. „Nánd rýmisins verður að nánd okkar”.⁴⁸

Áhrif óáþreifanlegra efna

-notkun

Öll atriði skynjunar hafa áhrif á það hvernig við lesum umhverfi okkar og með því skiljum við í raun og veru það sem við erum að upplifa. „Skilningarvitin miðla ekki einungis upplýsingum til rökhugsunar, þau búa til tilfinningar”.⁴⁹

Skynfærin eru fljót að lesa aðstæður. Hvort sem það eru fjarlæg yfirborð,

46 Juhani Pallasmaa. „Emotion and Imagination” *The thinking hand. Existential and Embodied Wisdom in Architecture*. bls. 133.

47 Anthony Vidler. „Darkspace” *The architectural uncanny. Essays in the modern unhomey*. MIT Press, Massachusetts/ London, 1992, bls. 167.

48 Gaston Bachelard. *The poetics of space. The classic look at how we experience intimate paces*. bls. 226.

49 Steven Holl. *Questions of perception. Phenomenology of architecture*. bls. 30.

útlínur eða brúnir, ljós, skuggar eða hljóð. Þetta snertir undirmeðvitundina og miðlar þeim upplýsingum sem rýmið gefur frá sér. Það hversu fljót við erum að gera okkur grein fyrir aðstæðum stjórnar upplifuninni. Ef rými hreyfa ekki við okkur byrjum við ósjálfrátt að búa til auka örvun, sem þjóna okkur, eða þá við hreinlega flýtum okkur í gegnum rýmið.⁵⁰

50 *Shisen-Do*. 2010. Úr textasafni sem ritgerðarhöfundur sótti í áfanganum Rými og tími við Listaháskóla Íslands. Kennari Hildigunnur Sverrisdóttir.

Lokaorð

Við greinum umhverfið með öllum líkamanum. Sú mynd sem skynfærin mála í hug okkar eru mikilvæg. Þessi mynd hugans er sú mynd sem við höfum af umheiminum sem við lifum í. Ef eingöngu er notast við sjónina til að miðla þessum upplýsingum, fáum við ávallt brenglaða mynd af raunveruleikanum. Þó ljósmynd segi meira en þúsund orð, segir máttur lyktarinnar, heyrninnar og hugans fleiri þúsund orð til viðbótar. Arkitektinn Peter Zumthor segir að hönnun sé sú list, sem felst í því að búa til heildarmynd úr mörgum hlutum.⁵¹ Þá list er líkami okkar að gera með tólum sínum, skynfærunum.

Ég vona að við séum ekki búin að tileinka okkur mátt augans of mikið þannig að skynjun okkar skili aðeins einni mynd veruleikans. Ef þannig væri farið myndum við búa í „ljósmyndaheimi” og þar af leiðandi aðeins vera áhorfandi en ekki þátttakandi í umheiminum.

Pallasmaa finnst nútímaarkitektúr hafa tekið tilfinningum sem sjálfsögðum hlut.⁵² Sú tilfinningalína sem áður var bogin og sveigð, líkt og stormasamt hafið, er orðin mun sléttar. Líkt og hljóðvær lína sjóndeildarhringsins á friðsælli kvöldstund.

Arkitektar þurfa að nýta sér þá eiginleika sem óáþreifanleg efni skapa til að lýsa umhverfi og stað fyrir okkur. Til þess að hræra í þeim tilfinningabrunni sem mótar okkur sem einstaklinga. Þar af leiðandi þurfa arkitektar að vera meðvitaðir um kraft skynfæra og þekkja hverjir eiginleikar byggingarefna séu. Hvað er það í byggingarefninu sem er óáþreifanlegt og vekur upp þessar tilfinningar? Þeir þurfa að vita hvað það er sem heldur áfram að þroskast og tala sínu máli. Því sem staðurinn eða rýmið er að segja við okkur og þannig móta okkur.

Nauðsynlegt er fyrir okkur að geta fundið ilm rósarinnar, stungið okkur á þyrnum hennar og séð bros viðkomandi sem rósina fær. Fyrir mér á arkitektúr að

51 Peter Zumthor. *Thinking architecture*. bls.11.

52 Juhani Pallasmaa. „Emotion and Imagination” *The thinking hand. Existential and Embodied Wisdom in Architecture*. bls. 136.

vekja upp tilfinningar og fá okkur til að hugleiða tilvist okkar. Þegar tillit er tekið til staðarins sem hannaður er þarf að horfa á staðinn út frá líkama mannsins og því sem hann hefur fram að færa. Ekki megum við gleyma af hverju og fyrir hvern við erum að hanna! Ef við erum ekki að hanna samfélag fyrir okkur sjálf að búa í, er leiknum lokið. Því þurfum við að líta inn á við, og sjá hver við virkilega erum. Það sem við erum, eru þeir staðir sem hafa mótað okkur.

Yngvi Karl Sigurjónsson 21. janúar 2011

Heimildaskrá

-skrifaðar heimildir

Bachelard, Gaston: *The poetics of space. The classic look at how we experience intimate places.* Beacon Press, Boston, 1969.

Holl, Steven, Pallasmaa, Juhani og Pérez-Gómez, Alberto: *Questions of perception. Phenomenology of architecture.* William Stout Publishers, 1994.

Kahn, Louis: "Silence and Light" *Essential texts.* W.W. Norton and company, New York, London, 2003.

Pallasmaa, Juhani: "Emotion and Imagination" *The Thinking Hand, Existential and Embodied Wisdom in Architecture.* John Wiley and Sons, United Kingdom, 2009.

Pallasmaa, Juhani: *The eyes of the skin. Architecture and the Senses.* Artmedia Press Ltd, London, 2005.

Tanizaki, Jun'ichiro: *In praise of shadows.* Leete's Island Books, 1977.

Tyng, Alexandra: *Beginnings. Louis I. Kahn's philosophy of architecture.* John Wiley and Sons, Kanada. 1984.

Vidler, Anthony: "Darkspace" *The Architectural Uncanny, Essays in the Modern Homely.* MIT Press, Massachusetts/ London, 1992.

Zumthor, Peter: *Thinking architecture*. Birkhauser, Sviss,
2006.

-heimild sótt í kennsluefni Listaháskóla Íslands 2010

-Shisen-Do. Úr textasafni sem ritgerðarhöfundur sótti
í áfanganum Rými og tími við Listaháskóla Íslands. Kennari
Hildigunnur Sverrisdóttir. 2010.